

Svar

menningar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur og Birni Leví Gunnarssyni um skrifleg svör ráðherra við fyrirspurnum frá alþingismönnum.

1. *Hvert er ferlið í ráðuneytinu þegar fyrirspurn skv. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis berst frá alþingismanni sem óskar skriflegs svars? Hvernig er það skráð í skjalavistunarkerfi ráðuneytisins?*

Ferlið í ráðuneytinu hefst þegar fyrirspurn skv. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis berst frá alþingismanni sem óskar skriflegs svars og er skráð í skjalavistunarkerfi ráðuneytisins. Í kjölfarið útbýr verkefnastjóri ráðherra vinnuskjal sem svarið er unnið í. Verkefnastjóri ráðherra heldur utan um fyrirspurnir til ráðherra í verkefnaskipulagi á samvinnusvæði (e. Teams). Þar er fyrirspurnum úthlutað til skrifstofustjóra og sérfræðinga eftir efni fyrirspurnar. Sérfræðingar og skrifstofustjórar stilla upp svári við fyrirspurn sem er lesið yfir af ráðherra, aðstoðarmönnum ráðherra og ráðuneytisstjóra. Þegar svarið hefur verið samþykkt er það sent til Alþingis og málinu lokað í skjalavistunarkerfi ráðuneytisins. Þetta verklag er skráð, samþykkt og birt bæði í gæðahandbók og á innri vef ráðuneytisins.

2. *Hversu langur tími leið að jafnaði undanfarin þrjú ár frá því að fyrirspurn var útbýtt þar til ráðuneytið sendi forseta Alþingis skriflegt svar? Svar óskast sundurliðað eftir löggjafarþingum og fyrirspyrjendum.*

Upplýsingar um þann tíma sem tekur að svara fyrirspurn byggjast á því hvaða dag fyrirspurnin er birt á vef Alþingis og hvaða dag svar er birt á vef Alþingis. Vert er að hafa í huga að svör ráðuneytisins til Alþingis birtast ekki alltaf samdægurs á vef þingsins og getur því munað nokkrum dögum á því hvenær svar berst Alþingi og hvenær það er birt. Svar miðast við stofnun ráðuneytisins þann 1. febrúar 2022.

Á 152. löggjafarþingi liðu að jafnaði 45,8 dagar frá því að fyrirspurn birtist á vef Alþingis þar til svar ráðuneytisins birtist á vef Alþingis. Fyrirspurnir voru 11 talsins.

Á 153. löggjafarþingi liðu að jafnaði 56,9 dagar frá því að fyrirspurn birtist á vef Alþingis þar til svar ráðuneytisins birtist á vef Alþingis. Fyrirspurnir voru 34 talsins.

Á 154. löggjafarþingi liðu að jafnaði 62,8 dagar frá því að fyrirspurn birtist á vef Alþingis þar til svar ráðuneytisins birtist á vef Alþingis. Fyrirspurnir voru 27 talsins.

Þingm.	Mál nr.	154. löggjafarþing	Dagar	Meðaltal
GRÓ	1121	Verklagsreglur Ríkisútvarpsins um kynferðisbrot starfsfólks og verktaka, fsp. 16.05.2024 (þskj. 1723)	ekki svarað	
IÓI	1116	Verðlagsþróun innan lands, fsp. 14.05.2024 (þskj. 1705)	ekki svarað	
IIS	1061	Ávinningur sjálfvirknivæðingar og gervigreindar, fsp. 17.04.2024 (þskj. 1540), svar 03.06.2024 (þskj. 1765)	42	

Þingm.	Mál nr.	154. löggjafarþing	Dagar	Meðaltal
ÞSv	1011	Skýrsla starfshóps, fsp. 11.04.2024 (þskj. 1476), svar 04.06.2024 (þskj. 1780)	54	
Birgþ	1007	Aðkeypt þjónusta hjá Samkeppniseftirlitinu, fsp. 11.04.2024 (þskj. 1472)		
ArnG	965	Skrifleg svör ráðherra við fyrirspurnum frá alþingismönnum, fsp. 11.04.2024 (þskj. 1428)		
BGuðm	856	Nefndir á vegum ráðuneytis og kostnaður vegna þeirra, fsp. 19.03.2024 (þskj. 1281)		
BDG	823	Hatursorðræða og kynbáttahatur, fsp. 12.03.2024 (þskj. 1237), svar 15.04.2024 (þskj. 1503)	31	
BGuðm	802	Styrkir til félagasamtaka, fsp. 11.03.2024 (þskj. 1216)		
BGuðm	751	Kostnaður við auglýsingagerð, kynningarmál, viðburði og ráðstefnur, fsp. 22.02.2024 (þskj. 1121)		
ÓBK	686	Ríkisútvarpið og útvarpsgjöld, fsp. 08.02.2023 (þskj. 1027)		
ÁsF	613	Eftirlit með fjárhagsupplýsingastofum, fsp. 23.01.2024 (þskj. 919)		
BergÓ	598	Styrkir og samstarfssamningar, fsp. 22.01.2024 (þskj. 901), svar 03.06.2024 (þskj. 1767)	128	
EÁ	563	Ríkisútvarpið og áfengisauglýsingar, fsp. 07.12.2023 (þskj. 698), svar 22.01.2024 (þskj. 877)	35	
KGaut	559	Tilkynningarskyld útlánaþjónusta og neytendalán, fsp. 07.12.2023 (þskj. 694), svar 25.01.2024 (þskj. 896)	45	
ÞorbG	548	Fjárheimildir Samkeppniseftirlitsins, fsp. 04.12.2024 (þskj. 647)		
BLG	441	Alþjóðlegar skuldbindingar og frumvarpsgerð, fsp. 26.10.2023 (þskj. 462), svar 22.01.2024 (þskj. 876)	77	
FRF	429	Fjöldi starfsmanna, stöðugilda og einstaklinga í verktöku hjá Rúv, fsp. 26.10.2023 (þskj. 450), svar 21.11.2023 (þskj. 577)	25	
EDS	396	Félagsleg fyrirtæki, fsp. 24.10.2023 (þskj. 408), svar 05.12.2023 (þskj. 671)	41	
VilÁ	382	Framlög og hagræðingarkrafa til Ríkisútvarpsins, fsp. 17.10.2023 (þskj. 394), svar 22.01.2024 (þskj. 879)	86	
IIS	365	Myndefni gervigreindar, fsp. 16.10.2023 (þskj. 376), svar 09.11.2023 (þskj. 513)	23	
ÞorbG	356	Hlutfall þjóðarframleiðslu fyrirtækja og félaga sem gera upp í öðrum gjaldmiðli en krónu, fsp. 16.10.2023 (þskj. 367), svar 20.03.2024 (þskj. 1294)	96	
IIS	325	Fjölpæpa markaðssetning, fsp. 09.10.2023 (þskj. 330), svar 31.10.2023 (þskj. 480)	21	
ÞorbG	280	Heimild til færslu bókhalds í öðrum gjaldmiðlum en krónu, fsp. 26.09.2023 (þskj. 283) svar 06.11.2023 (þskj. 06.11.2023)	34	
BLG	272	Ferðakostnaður, fsp. 26.09.2023 (þskj. 275), svar 13.02.2024 (þskj. 13.02.2024 (þskj. 1018))	134	

Þingm.	Mál nr.	154. löggjafarþing	Dagar	Meðaltal
Birgþ	253	Útvistun verkefna Samkeppniseftirlitsins, fsp. 26.09.2023 (þskj. 256) svar 22.01.2024 (þskj. 878)	107	
JPJ	15	Eftirlit með heimagistingu, fsp. (þskj. 15), svar 05.03.2024 (þskj. 1148)	88	
				62,8

Þingm.	Mál nr.	153. löggjafarþing	Dagar	Meðaltal
BergÓ	1199	Styrkir og samstarfssamningar, fsp. 09.06.2023 (þskj. 2114)	ekki svarað	
Birgþ	1165	Útvistun verkefna Samkeppniseftirlitsins, fsp. 08.06.2023 (þskj. 2029)	ekki svarað	
BjG	1143	Notkun íslenska fánans og fánalitanna við merkingar á matvælum, fsp. 01.06.2023 (þskj. 2089), svar 30.06.2023 (þskj. 1925)	29	
SPÁ	1124	Stafræn endurgerð íslensks prentmáls, fsp. 30.05.2023 (þskj. 1879), svar 30.06.2023 (þskj. 2088)	31	
VilÁ	1112	Ríkisúttvarpið, fsp. 23.05.2023 (þskj. 1846), svar 30.06.2023 (þskj. 2170)	38	
BHar	1094	Endurmat útgjalda, fsp. 15.05.2023 (þskj. 1800), svar 08.09.2023 (þskj. 2238)	115	
IIS	1083	Netöryggi, fsp. 15.05.2023 (þskj. 1788), svar 30.06.2023 (þskj. 2087)	45	
JPJ	1051	Matvörugátt, fsp. 03.05.2023 (þskj. 1691), svar 30.06.2023 (þskj. 2085)	27	
DME	1050	Þættirnir Skuggastríð, fsp. 03.05.2023 (þskj. 1690), svar 23.05.2023 (þskj. 1812)	20	
BHar	1011	Ráð, nefndir, stjórnir, starfshópar og stýrihópar, fsp. 24.04.2023 (þskj. 1619), svar 08.09.2023 (þskj. 2283)	138	
BLG	1002	Könnun á sannleiksgildi, fsp. 16.04.2023 (þskj. 1592), svar 15.05.2023 (þskj. 1756)	26	
ÓBK	997	Úthlutanir úr Kvikmyndasjóði, fsp. 18.04.2023 (þskj. 1582), svar 01.06.2023 (þskj. 1874)	44	
HS	934	Sjóðir á vegum ráðuneytisins og stofnana þess, fsp. 29.03.2023 (þskj. 1464), svar 03.06.2023 (þskj. 2083)	92	
Sigurþ	865	Safnahúsið á Sauðárkróki, fsp. 20.03.2023 (þskj. 1357), svar 24.04.2023 (þskj. 1549)	32	
BLG	851	Fjárveitingar vegna reksturs fjölmiðla á landsbyggðinni, fsp. 14.03.2023 (þskj. 1320), svar 24.04.2023 (þskj. 1596)	38	
ÞorbG	815	Íslandsbanki og samþjöppun á fjármálamarkaði, fsp. 07.03.2023 (þskj. 1257), svar 23.05.2023 (þskj. 1813)	40	
VE	811	Fulltrúi í sendiráði Íslands í Brussel, fsp. 06.03.2023 (þskj. 1250), svar 03.04.2023 (þskj. 1451)	28	
ÁsF	752	Ráðning starfsfólks með skerta starfsorku, fsp. 21.02.2023 (þskj. 1145), svar 15.05.2023 (þskj. 1755)	81	

Þingm.	Mál nr.	153. löggjafarþing	Dagar	Meðaltal
IIS	731	Takmörkun á óhóflegum innheimtukostnaði, fsp. 09.02.2023 (þskj. 1107), svar 14.04.2023 (þskj. 1595)	77	
BLG	668	Endurgreiðslur vegna útgáfu bóka á íslensku, fsp. 31.01.2023 (þskj. 1038), svar 02.05.2023 (þskj. 1639)	95	
IIS	654	Aðgengi íslenskra neytenda að netverslun á EES-svæðinu, fsp. 31.01.2023 (þskj. 1024), svar 14.03.2023 (þskj. 1305)	45	
IIS	652	Hindranir fjölmiðla á Keflavíkurflugvelli, fsp. 31.0.2023 (þskj. 1022), svar 07.03.2023 (þskj. 1246)	34	
DME	603	Skýrsla Efnahags- og framfarastofnunar um samkeppnismat, fsp. 24.01.2023 (þskj. 966), svar 14.03.2023 (þskj. 1311)	49	
IngS	571	Verðupplýsingar tryggingafélaga, fsp. 09.12.2022 (þskj. 764), svar 09.02.2023 (þskj. 1073)	59	
DME	566	Skipulag og stofnanir ráðuneytisins, fsp. 08.12.2022 (þskj. 748), svar 15.03.2023 (þskj. 1310)	66	
HVH	519	Fjölgun starfsfólks og embættismanna, fsp. 28.11.2022 (þskj. 635), svar 23.02.2023 (þskj. 1180)	87	
BLG	448	Áskrift að dagblöðum, tímaritum og öðrum miðlum, fsp. 15.11.2022 (þskj. 523), svar 15.05.2023 (þskj. 1750)	181	
IngS	413	Stjórnámálamenn í þáttum Ríkisútvarpsins, fsp. 08.11.2022 (þskj. 461), svar 02.12.2022 (þskj. 558)	24	
OPJ	410	Listamannalaun, fsp. 08.11.2022 (þskj. 458), svar 12.12.2022 (þskj. 698)	34	
JSIJ	379	Meningarsamningur við Akureyrarbæ, fsp. 20.10.2022 (þskj. 397), svar 02.12.2022 (þskj. 623)	43	
ÞorbG	343	Heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli, fsp. 17.10.2022 (þskj. 355), svar 13.12.2022 (þskj. 719)	57	
ÞKG	338	Skuldbindingar vegna stöðlunar, fsp. 17.10.2022 (þskj. 350), svar 09.12.2022 (þskj. 646)	43	
BLG	237	Ferðakostnaður og dagpeningar ráðherra, fsp. 29.09.2022 (þskj. 238), svar 09.12.2022 (þskj. 669)	62	
JPJ	191	Skipun þjóðminjavarðar án auglýsingar, fsp. 22.09.2022 (þskj. 192), svar 07.11.2022 (þskj.)	41	
				56,9

Þingm.	Mál nr.	152. löggjafarþing	Dagar	Meðaltal
ÁLP	736	Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, fsp. 14.06.2022 (þskj. 1282), svar 30.06.2022 (þskj. 1418)	16	
DME	732	Skýrsla OECD um samkeppnismat íslenskrar ferðaþjónustu og byggingariðnaðar, fsp. 13.06.2022 (þskj. 1233)	ekki svarað	
LRM	674	Endurgerð skipsins Maríu Júlíu, fsp. 16.05.2022 (þskj. 1007) svar 07.06.2022 (þskj. 1172)	22	
DA	664	Íslenski dansflokkurinn, fsp. 08.04.2022 (þskj. 902) svar 16.05.2022 (þskj. 989)	38	

Þingm.	Mál nr.	152. löggjafarþing	Dagar	Meðaltal
ÞorbG	641	Skaðabótaréttur vegna samkeppnislagabrota, fsp. 08.04.2022 (þskj. 898), svar 23.05.2022 (þskj. 1049)	45	
HJG	552	Skipan í stjórnir, starfshópa, nefndir, ráð o.þ.h., fsp. 30.03.2022 (þskj. 785), svar 09.06.2022 (þskj. 1190)	71	
HJG	543	Rekstur skáldahúsa á Íslandi, fsp. 30.03.2022 (þskj. 775), svar 30.05.2022 (þskj. 1074)	61	
HJG	542	Amtsbókasafnið á Akureyri, fsp. 30.03.2022 (þskj. 744), svar 16.05.2022 (þskj. 988)	47	
DME	521	Njósnaauglýsingar, fsp. 28.03.2022 (þskj. 748), svar 16.05.2022 (þskj. 975)	49	
ÁLP	345	Samskipti við hagsmunaverði og skráning þeirra, fsp. 09.02.2022 (þskj. 485), svar 25.04.2022 (þskj. 900)	83	
SDG	309	Ferðagiöf, fsp. 02.02.2022 (þskj. 430), svar 01.03.2022 (þskj. 586)	26	
				45,8

3. Hvaða aðilar í ráðuneytinu sjá um vinnslu skriflegra svara, frágang þeirra, yfirlestur og sendingu til forseta Alþingis? Hversu langan tíma tók hvert þessara skrefa að jafnaði undanfarin þrjú ár? Svar óskast sundurliðað eftir löggjafarþingum og fyrirspyrjendum.

Eins og fram kemur í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar eru það sérfræðingar ráðuneytisins og skrifstofustjórar sem sjá um vinnslu og frágang skriflegra svara við fyrirspurnum alþingismanna. Mjög stór hluti fyrirspurna kallar á upplýsingar frá einhverri eða einhverjum stofnunum ráðuneytisins og jafnvel frá þeim öllum. Í þeim tilvikum er áhersla lögð á að þeir sem koma að vinnslu svars sendi upplýsingabeidni til hlutaðeigandi stofnunar eða stofnana eins fljótt og kostur er, með hæfilegum tímamörkum miðað við svarfrest Alþingis. Upplýsingabeidnirnar geta kallað á mikla vinnu innan hlutaðeigandi stofnana. Þegar ráðuneytinu hafa borist nauðsynlegar upplýsingar frá stofnununum þarf að leggja mat á og vinna úr þeim svörum, upplýsingum og gögnum, huga að samræmi og framsetningu og færa í það form sem áskilið er fyrir svör við skriflegum fyrirspurnum alþingismanna. Þá lesa ráðherra, aðstoðarmenn ráðherra og ráðuneytisstjóri yfir svör við fyrirspurnum og samþykkja þau. Verkefnastjóri ráðherra heldur utan um mál bæði í skjalavistunarkerfi ráðuneytisins og á Teams-svæði og sér að lokum um lokafrágang og sendingu til forseta Alþingis.

Ráðuneytið hefur ekki skráð hversu langan tíma það tók að jafnaði að vinna svörin.